

FÆÐINGARÁVERKAR -

Afleiðing samþjöppunar höfuðkúpu

eftir Thomas Attlee, Skólastjóra Cranio Sacral School of London.

Ef höfuðkúpa okkar verður fyrir einhvers konar hindrun í fæðingu er líklegt að það hafi áhrif á okkur öll að einhverju leiti. Það er álitid að í alvarlegum tilvikum, geti slík hindrun leitt til heilaskaða, heilalömunar, (krampalömunar), eða einhverfu, eða geti átt þátt í vöggudauða. Í vægari tilvikum getur það leitt til lesblindu, námserfiðleika, ofvirkni, flogaveiki, þráhyggju, persónuleikatrufana og ýmiss konar þroskavandmála. En í okkur öllum (sem teljumst vera "**eðlilegir**" einstaklingar) getur slík hindrun, þó hún sé minniháttar, átt mikilvægan þátt í að ákvarða almennt heilbrigði okkar og líkamsbyggingu, næmleika okkar gagnvart ofnæmi, astma, mígreni, rangeygð og fjölmörgum öðrum kvillum.

Einnig getur hún haft áhrif á þroska allra kerfa líkamans, (taugakerfisins, meltingarkerfisins, ónæmiskerfisins, o.s.frvs.) og þannig haft áhrif á allt okkar líf. **Við skulum skoða hvernig fæðingin gengur fyrir sig.** Barninu er þrýst niður mjög þröng göng með höfuðið á undan. Höfðinu er þrýst saman og það þvingað niður þessi þröngu göng á löngum tíma, oftast á nokkrum klukkutímum, en ferlið getur líka tekið sólarhring eða meira.

Skoðum líka höfuðkúpu nýfædds barns. Hún er ekki samansett úr hörðum beinum, (því þá mundi hún ekki komast niður fæðingarveginn), heldur fíngerðri himnublöðru. Kúpuhvelfingin samanstendur af mjúkum ófullgerðum beinplötum sem tengdar eru saman með himnu, og kúpubotninn sem er sveigjanlegur, samanstendur af hálf mynduðum beinum sem tengjast hvert öðru með sveigjanlegu vaxbrjóski. Mikill þrýstingur á þessa viðkvæmu vefi í margar klukkustundir, (eins og tilfellið er um flestar fæðingar), ýtir höfuðkúpubeininum upp á við, hvert af öðru og aflagar höfuðið verulega.

Þetta er eðlilegt og óhjákvæmilegt, en ef höfuðkúpubeinin halda áfram að vera í þessari stöðu, eða ef þau ná ekki að losna fullkomlega, þá geta þessar afmyndanir hindrað rétta mótun höfuðkúpunnar og á þann hátt takmarkað þroska heilans.

Sem betur fer hefur líkaminn yfir kröftugum meðfæddum aðferðum að ráða sem gerir honum kleift að lækna sjálfan sig og laga það sem aflaga hefur farið. Þegar höfuðið er komið í gegnum fæðingarveginn taka slíkir lagfæringarkraftar til við að koma höfðinu í það horf sem því er ætlað að vera.

Samt sem áður tekst þessi meðfædda lagfæring sjaldan fullkomlega. Hversu vel hindranir og samþjappanir lagast af sjálfu sér er mjög breytilegt frá einum einstaklingi til annars og er fyrst og fremst háð því hvernig fæðingin gengur fyrir sig.

Fyrir flest okkar eru afleiðingar slíkra hindrana á höfuðkúpu okkar og heilaproska tiltölulega litlar.

En þegar um erfiða eða langdregna fæðingu hefur verið að ræða, þar sem þrýstingurinn á höfuð barnsins hefur verið mikill í langan tíma og jafnvel enn

meiri vegna rangrar fæðingarstöðu eða ofnotkunar fæðingartanga og sogklukku, þá geta höfuðbeinin pressast svo fast saman eða afmyndast svo mikið að meðfæddir lækningarkraftar geta ekki leyst úr mishverfunni. Og það er þá sem búast má við þeim alvarlegu einkennum sem áður var talað um, en það fer þó alveg eftir því hversu mikil afmyndunin hefur orðið. Bein höfuðkúpunnar ættu, í eðlilegu heilbrigðu ástandi, að geta hreyfst frjálst hvert gagnvart öðru um saumana þar sem beinin mætast. Þessi hreyfing er sérstaklega óþvinguð í höfuðkúpu nýbura og hún heldur áfram að vera fyrir hendi í minna mæli fram á fullorðinsárin eftir því sem beinin renna smátt og smátt saman. Allir hlutar höfuðkúpunnar, bæði utanvert og djúpt innan hennar, geta færst úr stað, og allir saumarnir á milli beinanna geta orðið fyrir hreyfihindrun vegna slíkrar þjöppunar. Hindranir hvar sem er í höfðinu geta hindrað þroska heilans og áhrifin eru breytileg eftir því hvar hindrunin er staðsett.

Takmörkuð hreyfing, hvar sem er í höfuðkúpunni, er líkleg til að hafa áhrif á hana í heild sinn og getur þannig truflað þroska heilans á marga og ólíka vegu. **Hnakkabeinið er sérstaklega viðkvæm fyrir skaða af tveim ástæðum.** Í fyrsta lagi vagna staðsetningar sinnar neðst á höfuðkúpunni er það líklegt til að verða fyrir miklum krafti og þar af leiðandi truflun. Í öðru lagi umlykja hinir fjórir hlutar hnakkabeinsins mænugatið. Ef staðsetning þeirra raskast er líklegt að óeðlilegur þrýstingur komi á mænuna eða heilastofninn, ef til vill með skaðlegum afleiðingum. Þar sem hnakkabeinið er enn í fjórum hlutum, sem tengdir eru saman með brjóski, við fæðingu, raskast afstaða beinhlutana hvor gagnvart öðrum auðveldlega. Brjósksvæðin geta þjappast saman og valdið truflun á áframhaldandi vexti hnakkabeinsins og það síðan aflagast í samræmi við þetta ósamhverfa mynstur. Þetta getur síðan haft áhrif á alla höfuðkúpuna. Í mildari tilvikum ósamhverfu, sem hefur áhrif á okkur öll að einhverju leyti, koma hin fjölbreytilegu einkenni hindrana í höfuðkúpu smám saman fram eftir því sem tíminn líður. Í slíkum tilvikum er líklegt að einkennin séu ekki greind rétt, heldur flokkuð sem "**eðlilegt**" heilsuleysi, "**eðlilega**" takmarkaðir hæfileikar eða einfaldlega sem persónuleg sérkenni. Jafnvel í tiltölulega alvarlegum tilvikum koma einkenni, eins og námserfiðleikar eða vandamál í sambandi við samhæfingu hreyfinga, ekki skýrt fram fyrr en eftir mörg ár. Skýringin er að hluta til sú að afmyndað höfuð hefur ef til vill engin truflandi áhrif á þroska heilans fyrst í stað. Það er ekki fyrr en heilinn leitast við að stækka og þroskast fullkomlega að afleiðingar beinahindrananna fara að segja til sín og hindra þroskann.

Hins vegar koma meiri háttar hegðunartruflanir hjá börnum ef til vill ekki skýrt í ljós fyrr en barnið er komið á þann aldur að farið er að búast við flóknari hegðunarmynstrum hjá því.

Í þeim tilvikum eru líka afleiðingar eins og námserfiðleikar taldar orsakast af hæfileikaskorti, arfgengum þáttum, geðtruflunum eða margvíslegum óþekktum orsökum. Í alvarlegustu tilfellunum geta einkennin verið augljós strax við fæðingu, t.d. greinileg krampalömun (**spasticity**), öndunarerfiðleikar eða afmyndun á höfði.

En jafnvel í allra alvarlegustu tilvikunum, eins og t.d. þegar um heilalömun (cerebral palsy) er að ræða, er líklegast að hefðbundnir læknar greini einkennin sem heilaskaða, þegar staðreyndin er sú að þroski heilans og starf hans er einungis hindrað og takmarkað vegna alvarlegrar afmyndunar höfuðkúpunnar.

Þetta kemur skýrt fram í eftirfarandi sjúkrasögu sem Bery Arbuckle

sagði frá: Mig langar til að segja sögu eins nýbura. Móðirin var búin að vera tólf klukkustundir í fæðingu með höfuð barnsins í andlitsstöðu. Þegar hér var komið sögu var gerður keisaraskurður en barnið hafði þegar orðið fyrir skaða. Einkennin voru blámi, veikur grátur, skjálfti og sprengiuppköst. Einstakir hlutar hnakkabeinsins voru ranglega staðsettir umhverfis mænugatið, en auk þess voru stikilshyrnurnar á gagnaugabeinunum dældaðar báðum megin, fremri höfuðmótin horfin, ennisbeinin gersamlega flöt, og mót ennisbeina og nefbeina, (nasion) dregin svo langt niður að hornið virtist næstum vera hvasst. Áður en beðið var um höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð fyrir þetta barn, hafði foreldrunum verið sagt að heili barnsins hefði skaddast.

Við skulum minnst þess að við fæðingu er miðtaugakerfið það kerfi líkamans sem er minnst þroskað og heilinn er þess vegna, á þessu skeiði lífsins langt frá því að vera fullþroskaður.

Sprengiuppköstin hættu eftir fyrstu **CS** meðferðina og bláminn hvarf smám saman. Áframhaldandi súrefnisgjöf var því óþörf. Eftir aðra meðferð gat barnið sogið og kyngt og þannig tekið til sín nauðsynlega fæðu. Næstu tvo dagana var barnið látið ótruflað og fékk ekki meðferð. Klínísk einkenni hurfu, ennið varð kúpt, fremri höfuðmótin urðu greinileg og hin fimm voru einnig finnanleg, en það var enn óeðlilega hvasst horn á mótum ennis og nefbeina. Það var síðan auðveldlega lagfært með því að setja vísifingurinn upp í munn barnsins og láta það sjúga hann kröftuglega. *Þetta barn, sem nú er á öðru ári, er fullkomlega eðlilegt, sem við teljum vera því að þakka að það átti kost á höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð.* Staðan er því sú, að hvers eðlis eða hversu alvarleg sem einkenni barnsins eru, er ólíklegt að hefðbundnir læknar dragi þá ályktun að þau geti átt rætur að rekja til höfuðbeina og spjaldhryggskerfisins eða fæðingarinnar, þannig að tækifærið til að gefa skjóta meðferð er líkleg til að fara forgörðum. Það er mjög mikilvægt að gefa meðferð eins fljótt og mögulegt er til að tryggja fullkomna úrlausn og bata.

Einstakir hlutar gagnaugabeinsins og fleygbeinsins renna saman á fyrsta árinu, fjórir hlutar hnakkabeinsins renna saman á aldrinum þriggja til sex ára. Ef afmyndað vaxtarmynstur hefur náð að festast í höfuðkúpunni á þessum tíma, hefur það áhrif á allan frekari vöxt að einhverju leyti. En þrátt fyrir það er höfuðkúpan áfram sveigjanleg og það er hægt að laga hana til að vissu marki eftir þennan aldur, jafnvel langt fram á fullorðin ár.

En því lengur sem afmyndað mynstur hefur verið til staðar í höfuðkúpunni, því lengri tíma tekur að meðhöndla það og því minni líkur eru á fullkomnum árangri.

Hér kemur önnur saga frá Beryl Arbuckle sem dæmi um þá möguleika sem geta verið fyrir hendi:

Ellefu ára gömul stúlka gekk í sérstakan skóla af því að talið var að hún hefði mjög lága greindarvísitölu.

Hún gekk á snjóþrúgum daglega til að fætur hennar héldust í sundur. Hendur hennar sýndu hæg viðbrögð og samhæfing þeirra var léleg. Eftir að hún hafði fengið höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð í um það bil ár hafði líkamlegt ástand hennar batnað svo mikið að hún var farina að geta gengið í almennan skóla, og á fyrstu sex mánuðunum vour tvær sögur eftir hana prentaðar í skólablaðinu. Hafði hún einhvern tíma lága greindarvísitölu? Núna er hún fjórtán ára og gömul og bæði skörp og skýr í hugsun, spilar ágætlega á pínaó, hefur

þægilega rödd, og eina bæklun hennar er rýr fótur þar sem sinar höfðu verið skornar í sundur, hinn fóturinn þroskaðist eðlilega. Núna er fóturinn máttlaus, ekki eins og þegar um krampalömun er að ræða, heldur eins og sést hjá þeim sem fengið hafa mænuveiki." Það eru að sjálfsgöngu ýmis önnur vandamál (önnur en samþjöppun á höfði) sem tengjast fæðingu, meðgöngu og tímabilinu strax að fæðingu lokinni. Þau vandamál geta verið alvarleg eða lítilvæg, grófgerð eða fíngerð, líkamleg eða andleg, / tilfinningaleg. Öll þessi vandamál koma fram í höfuðbeina og spjaldhryggskerfinu, og mörg þeirra er hægt að laga með því að gefa varfærnislega alhliða höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð.

Aðalmarkmið höfuðbeina – og spjaldhryggsmeðferðar er að koma á og viðhalda heilbrigði og jafnvægi á öllum sviðum.

Dæmi um vandamál, þar sem höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð hefur orðið til bóta:

Hálshnykkur (Whiplash), Höfuðverkur, Mígreni, Tíðaverkir,
Asthma, Sinusitis, Bronchitis, Blöðrubólga,
Frosin öxl, Liðagigt, Ischias, Langvinn tognun á ökkla, Vandamál í liðum, RSI,
Meltingarvandamál, Hryggskekkjur, Bakverkir, Hálsverkir, Viðvarandi sársauki
hvar sem er í líkamanum,
Spenna, Svefnleysi, Sjóntruflanir,
Þrekleysi, Þunglyndi, Kvíði,
Vandamál á meðgöngu og eftir meðgöngu, fæðingarpunglyndi, Fylgikvillar
skurðaðgerðar, Samgróningar,
Ungbarnakveisa, Pyloric Stenosis, Vandamál tengd fæðugjöf ungbarna,
Miðeyrabólga, Vökvi í eyrum, Tonsillitis, ENT vandamál,
Samþjöppun á höfuðkúpu vegna erfiðrar fæðingar ásamt öllum þeim truflunum
sem því getur fylgt,
Námserfiðleikar, Lesblinda, Rangeygi, Augnleti, Ofvirkni, Einhverfa, Flogaveiki,
Cerebral Palsy,
Hegðunarvandamál, Bræðisköst, Þráhyggjuhegðun,
Tannvandamál og TMJ vandamál,
Höfuðskaðar og hin hárfínu áhrif þeirra á persónuleika og andlegt
ástand, Heilahimnubólga og langvinnir fylgikvillar hennar,
Post Viral Syndrome, ME, Glandular Fever, Síþreyta,
Fylgikvillar hvaða langvinnra veikinda eða veiklandi sjúkdóms sem er.
Þýðing úr kynningarbæklingi frá

"Primrose Hill Natural Health Center" í London,